

Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn.

Frankvæmdastjóri: Gísli Sigurðsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Kristinn Hallgrímsson. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Atli Magnússon. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Eiríkur St. Eiríksson, Friðrik Indriðason, Helður Helgadóttir, Sigurður Helgason (þróttir), Jónas Guðmundsson, Kristín Leifsdóttir, Skafti Jónsson. Útlitstælkun: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Ágústsson, Elín Ellertsdóttir. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófkarkir: Flosi Kristjánsson, Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir. Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387 og 86392.

Verð í lausasölu 9.00, en 12.00 um helgar. Áskrift á mánuði: kr. 130.00. Setning: Tæknideld Tímans. Prentun: Blaðaprent hf.

HÓTANIR SPROTNN-AR AF HATRI

■ Peirri staðreynd verður ekki hnekkt, að ýmsir meiriháttar erfiðleikar stöðja að Íslendingum um þessar mundir. Sumir þeirra eru sjálfskaparvítí, en aðrir ekki.

Það er t.d. ekki Íslendingum að kenna, að efnahagskreppa ríkir í heiminum og færast frekar í aukana en hið gagnstæða. Þetta veldur því, að markaðir hafa þrengzt fyrir margar íslenskar útflutningsvörur en verðfall orðið á öðrum.

Íslendingar geta heldur ekki kennt sér um, að kuldi hefur aukizt í sjónum og það átt sinn þátt í því að sjávarafli verður minni í ár en jafnt sérfræðingar og fiskimenn höfðu gert sér vonir um.

Fleira mætti telja af þessu tagi, en það breytir ekki því, að sumt af erfiðleikunum stafar af mistökum Íslendinga sjálfra. En þar er marga um að saka, flokka, stéttir og einstaklinga. Verst af öllu er það, að eyðslan hefur verið of mikil og þar á meginhluti þjóðarinnar sameiginlegan þátt.

Hitt er svo á að líta, að erfiðleikarnir eru ekki svo miklir, að þeir séu ekki yfirstíganlegir, ef rétt er haldið á málum. Landið er auðugt og þjóðin dugmikil. Hingað til hefur því tekizt að sigrast á ördugleikum, þótt meiri hafi verið en þeir, sem nú er fengizt við.

Eitt er þó öðru fremur nauðsynlegt. Þjóðin þarf að sameina krafta sína ef sigur á að nást. Mikið sundurlyndi er alltaf hættulegt, en þó mest á erfiðleikatímum. Að sjálfsögðu er eðlilegt, að menn haldi áfram að vera ósammála um margt, en um það þurfa þeir samt að sameinast, að úlfúð, andúð og hatur leiði ekki til þess, að eyðilagðar séu og rifnar niður aðgerðir og ráðstafanir, sem ótvírætt stuðla að því að vinna bug á efnahagsvandnum og gera lausn hans auðveldari í framtíðinni.

Því er þetta sagt, að tveir stjórnmálaflokkar, Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn, einkum þó sá fyrrnefndi, hafa hótað að beita stöðvunarvaldi, sem þeir hafa á Alþingi, til þess að fella bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í efnahagsmálum.

Aðgerðir þessar eru neyðarúrræði, en óhjákvæmilegar, ef ekki á því verr að fara. Þetta viðurkenna allir og því hafa launþegasamtökin látið sér nægja að mótmæla, en ekki gripað til virkrar andstöðu. Undir slíkum kringumstæðum ætti að mega vænta, að stjórnmálamenn brygðu ekki fæti fyrir aðgerðirnar.

Þessar hótanir byggjast ekki á málefnalegum forsendum. Þær eru ekki heldur byggðar á því, að boðið sé upp á annað betra. Hótanirnar eru einfaldlega sprottnar af hatri. Forustumenn stjórnarandstöðuarmsins í Sjálfstæðisflokknum hatast svo við Gunnar Thoroddsen að þeir telja öll bolabrögð afsakanleg, ef hægt sé að koma honum frá völdum. Þjóðarhagsmunir virðast ekki skipta þá neinu máli í glímunni við Gunnar Thoroddsen.

Nái slíkur haturshugur að festa rætur hjá þjóðinni og auka sundrunu meðal hennar á erfiðleikatímum, verða málefni hennar ekki auðleyst. Hatrið er mesta eyðileggingaraflíð.

P.P.

menningarmál

Höskuldur Ottó Guðmundsson
Ljóð
Reykjavík 1982.
Höfundur gaf út.
108 bls.

Það ber ekki oft við, að maður fái í hendur fyrstu ljóðabók manns, er beðið hefur í handriti í heila mannsævi, eða allt að því, en Höskuldur Ottó Guðmundsson, hefur sent blaðinu ljóðabók sína er ber heitið Stefjapankar. Höfundur er kominn yfir sjötugt.

Í formálsorðum við þessa bók segir m.a. á þessa leið um höfundinn, en Sigurunn Konráðsdóttir ritar:

„Höskuldur Ottó Guðmundsson er Austfirðingur að ætt og uppruna. Hann er fæddur 9. október 1910 á Streiti í Breiðdalshreppi í Suður- Múlasýslu.



■ Höskuldur Ottó Guðmundsson.

Stefja-pankar

Foreldrar hans voru Sigríður Jónsdóttir frá Pverhamri, Breiðdal og Guðmundur Bjarnason frá Krosshjáleigu á Berufjarðarströnd. Höskuldur Ottó var alinn upp að mestu leyti til 17 ára aldurs hjá hjónunum Sigríði Stefánsdóttur og Sigurði Stefánssyni, sem að síðast bjuggu á Krossi á Berufjarðarströnd. Þá fór hann í vinnumennsku og vann að sveitastörfum fyrir austan til 34 ára aldurs, en þá fluttist hann suður til Reykjavíkur og hefur starfað þar síðan og á Suðurnesjum, við alls kyns

verkamannavinnu, en lengst þó í Reykjavík. En Höskuldur Ottó fékk óborganlega vöggugjöf, eins og margir Austfirðingar og reyndar ótal Íslendingar aðrir, en það var hagamælskan, þótt ævi hans, eins og flestra okkar skálda og hagarðinga, frá þessum árum væri þann vaxin að þau frá því að sinna hörðu brauðstriiti hefðu engar tómsundur til fflugunar og skrifta eins og gerist nú á tímum, þá hljómaði þessi undra strengur sálarinnar með sínum töfratónum í dagsins önn.“

Stefjapankar

Ég geri ráð fyrir að flestir líti á svona bók, sem sýnisbók af vísnum og kvæðum hagarðinga, fremur en kröfu um varanlegt sæti á skáldabekk. Því er nefnilega svo farið á Íslandi nú um stundir, að skáld verða fyrst og fremst til í menningarbaráttu, í fjölmiðlum, og þótt eitt og eitt skáld eigi heimilisfang í kvæðabók, eða bók, þá lifir ljóðið öðru lífi, en var meðan kvæðin skiptu meira máli en skáldin á Íslandi.

Bragi sýnir á Kjarvalsstöðum

KJARVALSSTAÐIR
BRAGI ÁSGEIRSSON
Málverkasýning
88 verk
Olía, akrýl og bl. tækni
25. sept. – 10. okt.
Opið daglega
frá 14.00 – 22.00
Tilbrigði náttúrunnar, –
eru augunum hátíð

■ Á þessa leið hljóðar yfirskriftin á málverkasýningu Braga Ásgeirssonar er hann opnaði á Kjarvalsstöðum síðastliðinn laugardag, 25. september, en það þykir sjálfsáður hlutur nú á tímum, að sýningar hafi ekki einasta myndlistarverk, heldur einnig yfirlýsingu, eða farmbréf. Og víst geta allir tekið undir þessi orð, þegar gengið er til Kjarvalsstaða með haustlíti fyrir augunum. Svo sannarlega kveður sumarið að þessu sinni með stakri fegurð og er lengi að kveðja, a.m.k. miðað við þau haust, þegar útsýningurinn sópar sumrinu burtu í fússi og hverfur í svört ský.

Bragi hefur verið mikilvirkur undanfarið að sögn manna, undanþeginn dapurlegri kennsluskyldu í Myndlista- og handíðaskólanum, en hann er í ársleyfi og heldur launum. Það heitir að vera borgarlistamaður núna, og svo fékk hann hjartáhrif frá firmanu Bröste í Danmörku, en eins og menn muna, stofnuðu Danir sérstakan hjartáhrifssjóð handa Íslendingum í tilefni af komu Vigdísar Finnbogadóttur til Danmerkur í opinbera heimsókn. Bragi er því prisadur í bak og fyrir um þessar stundir.

Það er ekki svo ýkja langt síðan Bragi hélt stóra yfirlitssýningu á verkum sínum að Kjarvalsstöðum. Þar sýndi hann verk sín og maður fékk að sjá hvernig hann vann frá æskudögum, til vorra daga, eða þegar hálf öld var að baki. Auðvitað byrjaði hann ekki að mála í vöggum, en þetta var þó sú veröld er hann hafði haft fyrir augunum í allt að því hálfu öld.

Ég held að öllum beri saman um, að þessi yfirlitssýning hafi verið nauðsynleg fyrir Braga Ásgeirsson, og eins fyrir þá er leggja leið sína í sýningarbása og sali myndlistarmanna. En þótt ótrúlegt megi teljast, þá virðist sú yfirlitssýning eiginlega vera að opna aftur núna. Ekki

það að þarna séu sömu myndirnar. Þetta eru allt ný verk af nálinni, en nú birtist baksviðið með óútskýranlegum hætti.

Mikið af tíma hafði farið í myndsmíð, tilraunir og eitru, að ekki sé nú talað um fangavinnu í myndlistarskóla við kennslu, sem hlýtur að hafa vond áhrif á alla listamenn. Að yfisu fellur kennsla sumum listamönnum vel, en kennsla í frumatriðum er á hinn bóginn stagl.

Sýningin á Kjarvalsstöðum

Sem áður sagði, var tölverður fengur að því að fá yfirlitssýningu á verkum Braga á sínum tíma og hann hefur líka notið góðs af þeirri sýningu sjálfur. Hefur endurnýjast og fengið nýja fótfestu. Æskuformin endurbirtast þarna með nýjum galdri í línu og lit og umhverfis hverja mynd er aðstoðjandi veður hins mislynda heims er við búum í.

Hann málar Fuglinn í fjórinni, Ástríðudansinn, Konu manns, Eldur í Kaupinhavn, Jarðarmen. Nætur Messalínu, Upprisu, Matmóður og Ströndina.

Upplímingar á sorpi úr fjörum eru ekki eins fyrirferðarmiklar, og reliefin tengjast litnum með sérstökum hætti. Þarna eru margar góðar myndir, er sýna